



Skattabreytingar –
lausnir eða vandamál?
Skatta- og lögfræðisvið
Deloitte hf.

Vala Valtýsdóttir,
sviðsstjóri skatta- og lögfræðisviðs Deloitte
Janúar 2011



Helstu lagabreytingar

Breytingar á tekjuskattslögum í 2 lagabálkum, mest prósentuhækkanir en ekki efnisbreytingar

Breytingar á virðisaukaskattslögum

Breytingar á öðrum skattalögum

Iðnaðarmálagjald fellt niður

Nýir skattar á síðasta ári

- T.d. skattur á fjármálafyrirtæki – skuldir sem stofn, 0,041%

Lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki – dregið í land vegna ESA

Breytingar á skattprósentum og staðgreiðslu lögaðila

- Tekjuskattur hlutafélaga úr 18% í 20%
- Tekjuskattur sameignar- og samlagsfélaga úr 32,7% í 36%
- Skattur á fjármálafyrirtæki – skuldir sem stofn, 0,041%
- Afdráttarskattur af arði, vöxtum og söluhagnaði til erlendra lögaðila hækkaður úr 15% í 18%
- Afdráttarskattur af þjónustu erlendra aðila hækkaður samsvarandi
- Skattaafsláttur vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum felldur niður
- Afdráttur af staðgreiðslu arðs miðaður við greiðslu

Breytingar á skattprósentum, staðgreiðslu og auðlegðarskatti

Breytingar á skattprósentum

- Fjármagnstekjuskattur einstaklinga úr 18% í 20% (hefur hækkað um 100% frá 2008)
- Auðlegðarskattstofn, úr 90 millj. niður í 75 millj. og 120 millj. niður í 100 millj.
- Erfðafjárskattur hækkaður um 100% í 10% og frímark hækkað í 1.500.000

Aðrar breytingar

- Skattaafsláttur vegna fjárfestinga í nýsköpunarfyrirtækjum felldur niður
- Afdráttur af staðgreiðslu arðs miðaður við greiðslu
- Söluhagnaður dánarbús af sölu fasteigna sæti sömu reglum og hjá einstaklingum
- Þeir sem bera takmarkaða skattskyldu njóta sama skattalegs hagræðis og aðrir enda séu þeir búsettir innan EES, Færeyjum eða Sviss og 75% tekna þeirra eru upprunnar á Íslandi
- Flytjist maður milli sveitarfélaga skal útsvar skiptast milli þeirra hlutfallslega eftir búsetutíma

Skattlagning vaxta – fyrr og nú

- 1996 fyrir upptöku fjármagnstekjuskatts:
 - Vextir, gengishagnaður og afföll: skattfrjálsar tekjur
- Síðan var skattprósentan ákveðin 10% enda um brúttó skatt að ræða
- 2011: 20% skattur af nafnverðsvöxtum (brúttó), innleystum gengishagnaði og afföllum; raunskattur getur hæglega verið skattur af höfuðstól



Raunskattlagning vaxta – dæmi

a) Nafnverðs tekjur	3,0	3,65	0,85
b) Verðbólga	2,5	2,5	2,5
c) Raunverðs tekjur	0,5	1,15	-1,65

10% nafnv skattur	0,3	0,365	0,085
Hlutfall skatts af c)	60%	32%	>100%
20% nafnv skattur	0,6	0,73	0,17
Hlutfall skatts af c)	>100%	64%	>100%

Gengishagnaður

- 2010: Áfallinn gengishagnaður
- 2011: Innleystur gengishagnaður

- Tekjur miðast við mismun á kaupgengi 1. janúar 2010 eða síðar og á úttektardegi
- Þetta gerir að verkum að sami gengishagnaður getur verið tvískattlagður:

Sem áfallinn á árinu 2010 og innleystur á árinu 2011


10% reglan um arð og söluhagnað hlutabréfa

- 10% reglan um arð
- 10% reglan um söluhagnað hlutabréfa

Skv. lögum 2009 en gildstöku frestað þar til 1. janúar 2011

Þetta þýðir að ARÐUR OG SÖLUHAGNAÐUR ÞEIRRA LÖGAÐILA SEM EIGA MINNA EN 10% EIGNARHALD Í FÉLÖGUM TELST AÐ FULLU SKATTSKYLDUR

Þ.e. enginn frádráttur frá tekjum



Breytingar á ívilnunum hjá nýsköpunarfyrirtækjum

Vegna athugasemda ESA (eftirlitsstofnun EFTA) við ákvæði laga 152/2009 er ákvæðum um stuðning nýsköpunarfyrirtæki breytt á eftirfarandi hátt:

1. Hlutabréfaafsláttur til handa einstaklingum og lögaðilum felldur brott; samræmist ekki reglum um ríkisaðstoð
2. Ríkisaðstoðin megi eingöngu ná til nýsköpunar-**verkefna** ekki fyrirtækjanna
3. Að rannsókn og þróun verði skilgreind með sama hætti og gert er í leiðbeinandi reglum ESA um ríkisstyrki
4. Skýrt kveðið á um hámarksreglur um samanlagða opinbera styrki
5. Auk þess eru frádrættir frá tekjuskatti auknir úr 15% í 20%, hámark á kostnaði til almennrar viðmiðunar á frádrætti hækkað úr 50 millj. í 100 millj og úr 75 millj í 150 millj. þegar er um aðkeypta þjónustu að ræða

Hefði þurft að tilkynna ESA um slíkar breytingar sem fela í sér ríkisaðstoðakerfi og ekki unnt að hefja veitingu ríkisaðstoðar fyrr en að fenginni staðfestingu stofnunarinnar á lögmæti ríkisaðstoðarinnar

Samsköttun - takmörkun

- Staðfest að samsköttun fellur niður með **fjármálafyrirtæki** sé það tekið til gjaldprotameðferðar eða sæti slitameðferð, sbr. 101. gr. laga nr. 161/2002.
- Yfirskattanefnd hafði nýverið úrskurðað í aðra átt, þ.e. að samsköttun fjármálafyrirtækis í greiðslustöðvun væri heimil



Takmarkanir á umbreytingu skulda í hlutafé - bráðabirgðaákvæði

Þegar kröfu er breytt í hlutafé í skuldsettu félagi í stað eftirgjafar skal það talið fullnaðargreiðsla hennar. Aðilar geta samið um niðurfellingu á hluta kröfunnar áður en slík greiðsla með hlutafé er innt af hendi.

Sé skipt á kröfu og hlutafé **SKAL**

1. Meta verðmæti hlutafjár
2. Matsverðið skal miðast við þann dag þegar skiptin eiga sér stað
3. Skuldara ber að tekjufæra mismun á verðmæti hlutafjárins og bókfærðu verði skuldarinnar.
4. Kröfuhafa ber eftir atvikum að tekjufæra eða gjaldfæra mismun á bókfærðu verði kröfunnar og matsverði hlutafjárins.
5. Mat á verðmæti hlutafjár skal unnið af óháðum matsaðila þegar skipti á kröfu og hlutafé fara fram á milli **eignatengdra aðila**.

Aðrar málsgreinar ákvæðisins hvað varðar skattalega meðferð eftirgjafa virðast ekki eiga við.

Bráðabirgðaákvæði um niðurfellingu skulda, ásamt síðari breytingum

Bráðarbirgðarákvæði XXXVI um niðurfellingu skulda og breytingar á því ákvæði

Eftirgjafir v. greiðsluferfiðleika 2010 og 2011 verður heimilt að færa á milli 2010 til og með 2014 þann hluta sem er umfram yfirfæranlegt tap (+ rekstrartap ársins)

Skilyrði:

1. Full fyrning eigna auk hámarksniðurfærslu viðskiptakrafna og vörubirgða
 2. Arði ekki úthlutað v. 2010 til og með 2014
- Ef eftirgjöf í árslok 2014 er hærri en 500 millj. er heimilt að færa til tekna næstu fimm ár
 - Ef eftirgjöfin þá er lægri en 500 millj. þá fellur tekjufærsla niður

RSK getur veitt heimild til samsköttunar, sameiningar eða skiptingar þegar svo stendur á.

Nýtt bráðabirgðarákvæði um eftirgjöf skulda fyrirtækja

Skattaleg meðferð eftirgjafar	m. kr.
Eftirgjöf skuldar	650
Rekstrartap ársins / yfirfært tap 2010	100
Eftirgjöf að frádregnu rekstrartapi	550
Árin 2011-2014 er hagnaður – eftirgjöf telst ekki til tekna fyrr en 2014	550
Samtals telst til tekna og skiptist niður á árin 2015-2019	50
Skattskyld eftirgjöf hvert ár (2015-2019)	10
Skattskyldar tekjur	50
Skylt að nýta allar fyrningar og niðurfærslur vörubirgða og viðskiptakrafna	
Óheimilt að úthluta arði 2010-2014	

Virðisaukaskattur – Strangari reglur

- Heimilt að synja skráningu á vsk skrá ef opinber gjöld eru áætluð á einhverju ári af næstliðnum þremur tekjuárum á undan. NB breytingar á gjaldþrotalögum miða fyrningu skulda við tvö ár
- Skilyrði innskatts að seljandi sé skráður á vsk skrá – vsk skrá á RSK.is
- Heimilt að fella af skrá ef áætlun er samfellt í tvö ár eða lengur - Skattaðili verður að gera fullnægjandi skil á vsk áður en hann fær að skrá sig á ný
- Ef skattaðili er skráður á ný verður vsk-tímabil mánuður og gjalddagi 15. næsta mán.
- Sama á við um aðila ef eigandi, framkvstj. eða stjórnarm. hefur orðið gjaldþrota á næstliðnum 5 árum fyrir skráningu - gjaldþrotkröfur fyrnast á 2 árum!
- 5.000 kr. sekt fyrir vsk skýrslu ef áætlun – án tillits til álagningar
- Skattstjóri hefur lengri tíma til að afgreiða neikvæðar vsk skýrslur og endurgreiðslur

Virðisaukaskattur - Gagnaver

Breytingar eru með tvennum hætti:

1. Undanþága á þjónustu til erlendra aðila

- Rafrænt afhent þjónusta – telst nýtt þar sem kaupandi á búsetu/starfsstöð

2. Heimild til endurgreiðslu vsk af innfluttum netþjónum - Kemur til framkvæmda 1. maí 2011 (miðað við að ESA hafi þá staðfest að ekki sé um að ræða ríkisaðstoð)

Breytingar til að leysa vandamál gagnavera m.t.t. vsk. Vandamál við túlkun fyrirsjáanleg

Deloitte.

"Deloitte" is the brand under which tens of thousands of dedicated professionals in independent firms throughout the world collaborate to provide audit, consulting, financial advisory, risk management, and tax services to selected clients. These firms are members of Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), a UK private company limited by guarantee. Each member firm provides services in a particular geographic area and is subject to the laws and professional regulations of the particular country or countries in which it operates. DTTL does not itself provide services to clients. DTTL and each DTTL member firm are separate and distinct legal entities, which cannot obligate each other. DTTL and each DTTL member firm are liable only for their own acts or omissions and not those of each other. Each DTTL member firm is structured differently in accordance with national laws, regulations, customary practice, and other factors, and may secure the provision of professional services in its territory through subsidiaries, affiliates, and/or other entities.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries, Deloitte brings world-class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's approximately 170,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the "Deloitte Network") is, by means of this publication, rendering professional advice or services. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.